

---

# JARÐBÖÐIN Í MÝVATNSSVEIT: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS

---



---

ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2017  
FS652-17141

---



*Ljósmynd á forsíðu er af meintri brauðholu Sp-207:053-01 og steinadreif Sp-207:053-02,  
horft til VNV*

©2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## **EFNISYFIRLIT**

<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....</b>	<b>7</b>
<b>3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....</b>	<b>9</b>
<b>4. SAGA SVÆÐIS OG FORNLEIFASKRÁ .....</b>	<b>13</b>
<b>5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>19</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>21</b>


**Viðauki 1: Kort af rannsóknarsvæði og fornleifum**

## **Samantekt**

Vorið 2017 var unnin deiliskráning á 10 ha deiliskipulagsreit fyrir Jarðböðin í Mývatnssveit en þar eru uppi hugmyndir um stækkun baðlóns og mannvirkja. Reiturinn er í landi Voga. Svæðið sem tekið var út er jarðhitasvæði og innan þess eru þegar umtalsverð mannvirki tengd Jarðböðunum. Áður en farið var á vettvang voru heimildir og loftmyndir kannaðar og rætt við staðkunnuga. Gengið var um deiliskipulagsreitinn í leit að minjum og fannst þar einn minjastaður sem samanstendur af tveimur minjaeiningu. Minjarnar eru í suðvesturhorni reitsins. Þær hafa án efa tengjast nýtingu jarðhita á svæðinu og eru líklega ummerki eftir brauðbakstur.

## 1. Inngangur

Í maímánuði 2017 hafði verkfræðistofan Efla samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu innan deiliskipulagsreits umhverfis Jarðböðin í Mývatnssveit. Efla vinnur nú að greinargerð um endurskoðun deiliskipulags fyrir hönd eigenda Jarðbaðanna og er fornleifaskráning hluti af því ferli. Úttektarsvæðið er í landi Voga og er um 10 ha stórt. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er megin tilgangur með nýju deiliskipulagi að „setja ramma um fyrirhugaða starfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðgang“ en í því felst m.a. endurgerð mannvirkja og nýbyggingar, stækkan lóns og breytingar á aðkomu og aðstöðu.<sup>1</sup>



Á kortinu er staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út sýnd sem rauður depill.  
Íslandskort: Gísli Pálsson.

Fornleifaskráning hafði verið áður verið gerð á þessum slóðum, fyrst þegar Fornleifastofnun Íslands aðalskráði minjar í Skútustaðahreppi öllum rétt fyrir aldamótin 2000<sup>2</sup> og einnig árið

<sup>1</sup> Drög að greinargerð deiliskipulags: Jarðböðin í Mývatnssveit, Efla, dagsett 6.6.2017, bls. 8.

<sup>2</sup> Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000.

2002 þegar Bjarni F. Einarsson deiliskráði hluta svæðisins vegna eldra deiliskipulags Jarðbaðanna og ritaði bréf um niðurstöður þess.<sup>3</sup> Þegar vinna við endurskoðun deiliskipulags hófst fyrir svæðið úrskurðaði Minjastofnun Íslands að aftur þyrfti að fara á svæðið og skrá núverandi deiliskipulagsreit eftir þeim kröfum sem nú eru gerðar til skráningar á deiliskipulagsreitum.<sup>4</sup> Í þeim felst m.a. kerfisbundnar göngur um deiliskipulagsreit, jafnvel þar sem engar vísbendingar eru um að minjar leynist sem og uppmæling á öllum sjáanlegum minjum.

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var rætt við heimamenn, annars vegar fulltrúa úr stjórn Landeigendafélags Voga, þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdísi Guðfinnu Jónsdóttur og hins vegar þá Snæbjörn Pétursson og Sigfús Illugason frá Reykjahlíð og fór sá síðarnefndi með skrásetjara á vettvang. Eru þessum aðilum færðar kærar þakkir fyrir sína aðstoð. Minjavörður Norðurlands, Rúnar Leifsson, lánaði GPS-staðsetningartæki í verkið og fær bestu þakkir fyrir það. Um vettvangsrannsókn sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og sá hún einnig um úrvinnslu, korta- og skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er svo fjallað um sögu svæðisins og þær fornleifar sem skráðar voru innan þess en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

---

<sup>3</sup> Bjarni F. Einarsson 2002.

<sup>4</sup> Úrskurðarbréf Minjastofnunar Íslands. 9. maí 2017.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifikönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísrendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifikönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum

og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


### **3. Aðferðir við fornleifaskráningu**

Um mánaðarmótin maí-júní fór fram úttekt á rannsóknarsvæðinu. Mikil rigning var á svæðinu mestallan tímann sem skráð var og austanstrekkingur. Áður en svæðið var gengið var gerð heimildaúttekt, talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka rannsóknarsvæðis „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé líklega misbráð eftir því hvar þær eru innan reitsins og hvernig endanlegt fyrirkomulag mannvirkja verður. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgιð neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, Sp o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari tilheyra jörðinni Vogum (nánar tiltekið Vogum II samkvæmt landamerkjum RALA). Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Sp-207:053). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölum í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitur Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sés vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlinu fyrirhugaðs jarðstrengs. Vírgiðing er 20-30 m vestan við tóftina.

Óræktað tún er umhvefis tóftina. Það hefur líklega verið sléttáð að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórpýfi á köflum.

Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlagt. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö- Halldórsstaðir, 10

hætta sem steðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í,  
nánari færslar í heimildaskrá

#### Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirknu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



## 4. Saga svæðis og fornleifaskrá

Gera má ráð fyrir að landnotkun innan deiliskipulagsreits hafi fyrst og fremst tengst jarðhitnum í gegnum aldirnar. Jarðböðin eru við Jarðbaðshóla og er saga jarðbaða á þessum slóðum bæði merkileg og löng. Var það trú manna að jarðböð hefðu verið í hólunum frá öröfi alda og talið að Guðmundur góði Arason hefði vígt staðinn.<sup>5</sup> Elstu þekktu frásögn af jarðböðum á þessum slóðum er líklega að finna í Íslandslýsingu Odds Einarssonar biskups frá því um 1600. Í ritinu kemur fram að í Reykjahlíðarlandi hafi til forna verið jarðböð skammt frá brennisteinsnámunum, þar hafi verið reistur lítill skáli og menn hafi sótt þangað og talið heilsubót.<sup>6</sup> Nánari lýsingu á mannvirkjum við jarðböðin er að finna í sýslulýsingu Jóns Benediktssonar frá 1747 en í henni kemur fram að jarðböðin séu forn, byggð úr slétri grjóthleðslu en gólfíð sandborið og í því tvær holar eða ofnar sem gefi frá sér mikinn raka og hita.<sup>7</sup> Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson sem unnu að rannsóknum í Mývatnssveit 1752 lýstu einnig baðinu en samkvæmt þeim var þurrabaðið í hraungjótu sem hlaðin hafði verið upp með hraunsteinum.<sup>8</sup> Jarðbaðanna er svo getið í ýmsum ritum og ferðabókum á næstu áratugum og öldum, t.d. í Ferðabók Sveins Pálssonar sem var við rannsóknir í Mývatnssveit 1794<sup>9</sup>, í skrifum Ebenezer Henderson 1814<sup>10</sup> og hjá Gyðu Thorlacius<sup>11</sup>. Oftast er böðunum aðeins lýst lauslega, oft sem kofa hlöðnum úr hraungrjóti yfir gryfju. F.A.L. Thieneman sem skoðaði þurrabaðið 1820, segir að baðið hafi þá verið lítið notað og kofinn hafi verið lítill og að sjúklingar hafi orðið að skríða inn um dyrnar til að komast inn.<sup>12</sup> Þorvaldur Thoroddsson sem var við rannsóknir í Mývatnssveit 1884 minnist á jarðbaðið í ferðabók sinni en af lýsingunni að dæma virðist ólíklegt að hann hafi skoðað jarðbaðið sjálfur og er óvist hvort baðhúsið hefur verið uppistandandi þá.<sup>13</sup> Líklegast er að baðhúsið hafi fallið úr notkun á fyrri hluta 19. aldar eftir að tvö gamalmenni léttust þar með stuttu millibili og nú er staðsetning

<sup>5</sup> Sjá t.d. Örnefnaskrá Voga, bls. 1297-98.

<sup>6</sup> Íslandslýsing Odds Einarssonar, 50-52.

<sup>7</sup> Sýslulýsingar, 235.

<sup>8</sup> Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar II, 78.

<sup>9</sup> Ferðabók Sveins Pálssonar, 400.

<sup>10</sup> Ferðabók Ebenezer Henderson, 104.

<sup>11</sup> Endurminningar, 120.

<sup>12</sup> Thienemann, Reise I, 254.

<sup>13</sup> Þorvaldur Thoroddsson, , 299-300.

elsta baðs/baða týnd. Á 20. öld voru hins vegar byggð jarðböð í Jarðbaðshólum á ný og risu þá nokkur mannvirki þar, öll í landi Reykjahlíðar og flest fremur skammær. Hafa ber í huga að hitastig jarðar á þessum slóðum tekur gjarnan breytingum, ekki síst í jarðhræringum og því er ekki ólíklegt að jarðböð hafi færst til eftir þörfum.

Áður en farið var á vettvang og reiturinn rannsakaður var farið yfir heimildir og loftmyndir kannaðar. Einnig var rætt við þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdís Guðfinnu Jónsdóttur úr stjórn Landeigendafélags Voga, við Snæbjörn Pétursson frá Reykjahlíð og Sigfús Illugason á Bjargi (Reykjahlíð) í leit að upplýsingum um landnýtingu og mögulegar minjar innan deiliskipulagsreits. Öll bentu þau á hleðslur sem mögulega væru af gufubaði vestan við svæðið. Vettvangsathugun leiddi í ljós að umrædd mannvirki eru um 90 m vestan við vesturjaðar deiliskiplagsreitsins og því utan svæðis og koma þær því ekki við sögu í skýrslu þessari. Ekki könnuðust heimildamenn við aðrar fornleifar á þessu svæði nema Sigfús Illugason sem mundi eftir heitri holu sem hlaðið hafði verið í kringum og líklega notuð til brauðbaksturs og reyndist hún innan svæðis. Bjarni F. Einarsson getur um holuna í skráningarbréfi sínu frá árinu 2002, þó án þess að lýsa henni nákvæmlega eða taka hnit á staðnum enda var hún utan þess svæðis sem hann tók út á sínum tíma. Aðrar fornleifar fundust ekki innan svæðis.




*Samsætt yfirlitsmynd yfir úttektarsvæðið, horft til vesturs*

Ljóst er að umferð ferðamanna um svæðið er nokkur og á einstaka stað fundust ummerki um hana, t.d. þar sem steinum hafði verið hrúgað saman en slík ummerki voru talin nýleg og ekki fornleifar. Að auki fannst á einum stað einföld steinaröð innan svæðis, undirstaða undan

girðingu sem hafði verið fjarlægð (en einhverjar leifar af gaddavír reyndar eftir í sverði) en hún var ekki talin forn og því ekki skráð. Hleðslan var um 6 m löng, snéri norðvestursuðaustur og er um 40 m suðaustan við efsta (austasta) baðlónið.

Sá minjastaður sem skráður var innan svæðis er um 10 m norðan við suðurmörk deiliskipulagsreits, nálægt suðvesturhorni hans. Minjarnar eru óvenjulegar en þeirra er ekki getið í heimildum svo vitað sé og ekkert er vitað um aldur þeirra.

#### Sp-207:053 yfirlit



#### *Uppmæling á holu og steinadreif Sp-207:053-01-02*

Um 150 m SSV við vestasta lón jarðbaðanna er hola sem hlaðið hefur verið í kringum (Sp-207:053-1) og steinadreif vestan við hana (Sp-207:053-02). Umhverfis eru lágir klettar á báða vegu en holan er í botni misgengis. Botninn er sendinn en víða gróinn mosa. Neðan við tekur við sendið svæði í halla til vesturs niður í hálfgerðan dalbotn en í hann hefur affallsvatnið af lóninu greinilega runnið áður.

Sp-207:053-01

hleðsla

E. 599007 N. 571786

Minjarnar eru í misgengi. Austar er heit hola sem virðist hafa verið hlaðið í kringum. Hleðslan er innan við 1 m vestan eða suðvestan við túffstabba (Hverfellsöskulög). Hlaðið er í kringum holuna, bæði við yfirborð hennar en hleðslur virðast einnig vera neðar, og virðist mega sjá glitta í þær í holubörmum. Mögulega eru 2-3 raðir af grjóthleðslu í holunni. Holan er enn heit, rýkur úr henni og ekki sést til botns. Hún snýr VNV-ASA og er 0,4-0,5 x 0,3 m á stærð. Samkvæmt Sigfúsi Illugasyni er holan að öllum líkindum brauðhola, þ.e. var notuð til að baka brauð. Samkvæmt honum fór móðir hans, Bára Sigfúsdóttir frá Vogum (05.10.1915-05.10.2000) á hestum á þessar slóðir til að sækja brauð í brauðholur þegar hún var ung. Bjarni F. Einarsson getur um holuna í skráningaráréfi sínu frá 2002.



Hola Sp-207:053\_01. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en niður á mynd til hægri

**Heimild:** Bjarni F. Einarsson, bréf frá 2002.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

Sp-207:053-02

hleðsla

E. 599002 N. 571788

Á suðvesturbarmi misgengisins að vestan er steinadreif, um 4 m suðvestan við holu 01. Steinadreifin samanstendur af nokkrum steinum sem saman mynda u-laga form. Svæðið er tæpir 3 m á lengd (NNA-SSV) en riflega 2 m á breidd. Öll ummerki eru mjög óveruleg. Austurhliðin er samansett úr 5 steinum, suðurhliðin úr 3-4 steinum og vesturhliðin úr 8 steinum. Ekki er um eiginlega hleðslu að ræða heldur hefur grjóti verið raðað á klettavegginn í einfalda röð. Freistandi er að álykta að steinadreifin tengist holunni en ekki er hægt að útiloka að ferðamenn hafi raðað steinum saman á þennan hátt.



Grjótdreif, Sp-207:053\_02. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til vesturs á mynd til hægri

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



## 5. Helstu niðurstöður

Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreits var unnin um mánaðarmótin maí-júní 2017. Úttektarsvæðið er sem fyrr segir 10 ha. Gengið var um allt úttektarsvæði í leit að fornleifum. Svæðið er jarðhitasvæði og þar er talsvert af jarðmyndunum og fallegir túffstabbar (Hverfellsöskulög) setja mark sitt á umhverfið. Víða eru sprungur og augu sem gufa stígur upp úr. Svæðið er nú þegar talsvert raskað en á norðurhluta þess eru stór malbikuð bílastæði, vegur, umtalsverðar byggingar og lón. Suðurhluti svæðisins er hins vegar að mestu óraskaður og er hann það svæði sem líklegast er að ráðgerðar framkvæmdir hafi mest áhrif á.

Ljóst er að saga jarðbaða í grennd við deiliskipulagsreitinn er löng en hafi eldri jarðböð verið innan hans eru öll ummerki um þau horfin. Mögulegt er að minjar vestan deiliskipulagsreits kunni að vera leifar gufubaðs. Rétt er að ítreka það að jafnvel þótt umræddar mannvistarleifar séu utan deiliskipulagsreits er mikilvægt að tryggja að umferð ferðamanna og rask við framkvæmdir skemmi þær ekki og því er svæðið afmarkað á korti aftast í skýrslu.

Innan skipulagsreits var skráður einn minjastaður með tveimur minjaeiningum. Annars vegar var skráð hola (Sþ-207:053-01) sem líklega var notuð í brauðbakstur og hins vegar óræð steinadreibl (Sþ-207:053-02) skammt vestan við hana. Minjarnar eru nærrí suðvesturhorni deiliskipulagsreits. Þeirra er ekki getið í eldri heimildum svo vitað sé og því ekkert vitað um aldur þeirra eða hlutverk þótt líklegast sé að holan hafi verið notuð við brauðbakstur líkt og Sigrún Íllugason heimildamaður leggur til.

Minjarnar eru taldar í stórhættu vegna framkvæmda. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.



## **Heimildaskrá**

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000. „Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda“. Fjöldit nr. FS118-96014. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson. „Könnun á hugsanlegum fornleifum vegna skipulags á náttúruböðum“. Óútgefið bréf um niðurstöður rannsókna. Dagsett 1. október 2002. M.a. varðveitt hjá Minjastofnun Íslands.

*Drög að greinargerð deiliskipulags: Jarðböðin í Mývatnssveit.* Dagsett 6.6.2017. Óútgefið. Efla.

*Endurminningar frú Gyðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815.* 1947. Sigurjón Jónsson þýddi. Ísafold, Reykjavík.

*Ferðabók Ebenezer Henderson: Frásagnir af ferðalögum um þvert og endilangt landið og vetrardvöl í Reykjavík 1814-15.* 1957. Snæbjörn Jónsson þýddi og gaf út.

*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II.* 1943. Reykjavík.

*Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797.* 1955. Reykjavík.

Helgi Hallgrímsson: *Söguminjar í Mývatnssveit* [1979 – fjöldit].

Íslandslysing Odds Einarssonar. 1971. Menningarsjóður.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Úrskurðarbréf Minjastofnunar Íslands um að deiliskrá þurfi deiliskráningarreit umhverfis Jarðböð. Dagsett 9. maí 2017. MÍ201704-0045/6.09/R.L.

Þorvaldur Thoroddsen. *Lýsing Íslands I-III.* 1931-1953. 2. útgáfa. Reykjavík.

Ö-Vogar. Viðbætur. Skráð eftir Sigurgeir Jónassyni 1988. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vogar. Ari Gíslason, Sigurgeir Jónasson og Sigrús Illugason skráðu 1988-1992.

### **Heimildamenn:**

Ólöf Þórelfur Hallgrímsdóttir, fædd 16. febrúar 1960.

F. Sigrús Illugason fæddur 26. nóvember 1948.

Snæbjörn Pétursson fæddur 31. ágúst 1928.

Sólveig Erla Hinrikisdóttir, fædd 10. ágúst 1967.

Pórdís Guðfinna Jónsdóttir, fædd 5. október 1963.





Yfirlitskort yfir úttektarsvæðið. Minjar SP-207:053-01-02 sjást suðvestarlega innan reitsins. Lengst til hægri á kortinu og utan deiliskipulagsreits er afmarkað svæði þar sem minjar fundust utan deiliskipulagsreits, þótt um þær sé ekki, eðli málsins samkvæmt, fjallað sérstaklega í skýrslunni.

